



talin



„Á skal að ósi stemma."
(Rússnesk Edduskreyting)



Norðmenn hafa gefið Heimskringlu út á ríkismáli og landsmáli í tilefni af afmælinu.



Heimskringluútgáfur má líta í fjölbreyttu úrvali á sýningunni.



ar, hefur unnið mikið starf við undirbúning, en mánuður er liðinn frá því er

örð —


ignir bújarða

skap

þeir, er búi stýra, eru til þess hæfir og vafasamt er að ábygðartilfinningin fyrir rekstrinum sé sú sama þegar unnið er fyrir marga, eða eigandi er einn og rekur búið á eigin kostnað og ábyrgð. Umbætur á jörðum, sem eru félagseignir, njóta sjaldan framfara af því að eigendurnir vilja ekki leggja fé af mörkum til umbótanna. Þetta veldur ágreiningi og jafnvel oft úlfúð og vinslitum milli aðilja fjölskyldna. Það endar oftast með því að jörðin eða jarðirnar eru seldar, og þá oft aðiljum, sem ekki kunna að búa. Stundum fer það svo að bújörð er brytjuð og seld í mörgu lagi. Tjáði hann allt þetta valda umtalsverðum vanda, sem hann sæi ekki hvernig leysa skyldi.

Á umræddu þingi reis upp skólastjóri, Vic Hughes, sem tjáði alvarlegasta mál bresks búskapar, að aðeins forríkir aðiljar hefðu efni á að kaupa bújarðir, aðeins 1% jarða væri til sölu árlega og tilviljunarkennt hvort hæfir aðiljar stæðu fyrir breskum búskap á komandi árum. Helst virtist honum viðeigandi að lífeyrissjóðir, vissar stofnanir og sparisjóðir yrðu framvegis eigendur landsins (bújarðanna), þannig gæfust tækifæri fyrir unga og efnalitla, en vel hæfa menn, til þess að stýra búum framvegis.

Báðir voru þeir og ýmsir fleiri á einu máli um, að leita þyrfti úrræða til þess að búskapur yrði framvegis rekinn á arðgæfan hátt af hæfum aðiljum og máske væri rétt að enginn stundaði búskap lengur en til 65 ára aldurs. Vel gæti svo farið að ríkið yrði að taka í taumana og styðja unga bændur með fjármagni til að hefja búskap.



Karl Kvaran við aðra myndina sem olli óróleika peningakerfisins. Tímamynd GE.

Listaverk ollu óróleika

Karl Kvaran er magnaður málari. Myndir hans eru svo áhrifamiklar að starfsfólk í virðulegum peningastofnunum telur sig ekki hafa æskilegan starfsfrið með gínandi myndverk eftir hann yfir sér. Ekki alls fyrir löngu voru tvær myndir eftir Karl hengdar upp í banka í Reykjavík. Ber önnur þeirr nafnið „Gustur", og það með rentu því í henni eru umsvif og mikill óróleiki. Þeir sem undir urðu að sitja töldu myndina raska starfsró sinni og báðu um að hún væri fjarlægð. Var farið með „Gust" og hina myndina niður í kjallara og „eru þær kannski best geymdar þar" — sagði Karl Kvaran í gær. Líklega hefur þetta verið rétt ráðstöfun hjá bankanum því nægur virðist óróleikinn á peningamarkaði þótt ekki sé verið að koma mjögstarfandi bankamönnum í uppnám með æsilegum listaverkum.

„Gustur" verður ásamt mörgum öðrum málverkum Karls til sýnis á Kjarvalsstöðum næstu vikur en þar verður opnað á laugardag. Eru nú fimm ár liðin síðan Karl Kvaran sýndi síðast og hlýtur ný sýning hans að teljast til tíðinda í listaheimi.

Allar eru myndir Karls miklar að flatarmáli. Hann var spurður hvort hann málaði stórt til að selja dýrt. Listamaðurinn brosti vorkunnsamlega að svo fáranlegri spurningu — „Stórt format er út af línunni. Stærð mynda og form verður að vera í jafnvægi."

Annar spyrjandi vildi fá að vita hvað það ætti að þýða að hafa tiltekna mynd í fánalitunum og bjóst við þjóðlegheitum. Víst er myndinn í fánalitum. Hún heitir „14. júlí Bastilludagurinn." „Guðný" nefnist enn ein myndanna á sýningunni og er þar hvergi mannsmynd á. Skýr ingin er einföld. Guðný er persónuleiki sem listamaðurinn hefur mætur á og telur dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl., ástríðufullur listunnandi, að hughrif ráði hvernig myndir verða til, svo og nafngiftum þeirra. Telur dr. Gunnlaugur sig geta séð greinilega hvaða myndir eru málaðar undir tónlistarflutningi og hverjar í þögn. Ein mynda Karls er máluð undir flutningi útvarpssögu og heitir eftir henni. „Myndin af Dorian Gray."

En Karl segir nöfn myndann ekki fela í sér neina vísbendingu um hvernig þær eru gerðar þótt Gunnlaugur segi að tónlistin flæði út úr sumum þeirra.

„Annars er enginn fótur fyrir þessum nöfnum," segir Karl, „annar en sá að skilja myndirnar hverja frá annarri. Heita ekki allar kindur eitthvað?"

Þessir fróðleiksmolar um örfáar þeirra mynda Karls, sem brátt gefst kostur á að sjá, voru tíndir upp er blaðamönnum var boðið að skoða sýninguna í gær og segja þeir að sjálfsögðu lítið um myndlist Karls Kvaran, enda vefst flestum tunga um tönn þegar fara á að lýsa litum og formum í orðum og má með sanni segja að sjón er sögu ríkari. Það er varla á færi manna nema eins og dr. Gunnlaugs að lýsa áhrifum málverka, en hann var viðstaddur þessa forkynningu og lá ekki á liði sínu við að útskýra áhrifamátt verkanna, og víst er að sterkir litir og kröftug form Karls Kvaran hljóta að hafa sterk áhrif á fleiri en bankamenn.

O.Ó.

HAFSKIP H.F.

UPPLÝSINGAR TIL VIÐSKIPTAMANNA!

Fyrstu ferðir skipa okkar eftir verkfall eru:

„SKAFTÁ" lestar í Hamborg	26.-27. júní/losun Rvík 02. júlí
„RANGÁ" lestar í Hamborg	09. júlí/losun Rvík 17. júlí
„RANGÁ" lestar í Antwerpen	25.-26. júní/losun Rvík 02. júlí
„RANGÁ" lestar í Antwerpen	11. júlí/losun Rvík 17. júlí
„SKIP" lestar í Ipswich	28.-29. júní/losun Rvík 03. júlí
„RANGÁ" lestar í Ipswich	12. júlí/losun Rvík 17. júlí
„SKIP" lestar í Kaupm.höfn	25. júní/losun Rvík 02. júlí
„LANGÁ" lestar í Kaupm.höfn	25.-26. júní/losun Rvík 03. júlí
„SKIP" lestar í Kaupm.höfn	02. júlí/losun Rvík 09. júlí
„SELÁ" lestar í Gautaborg	25.-26. júní/losun Rvík 02. júlí
„SKIP" lestar í Gautaborg	03. júlí/losun Rvík 09. júlí
„LANGÁ" lestar í Fredrikstad	27.-28. júní/losun Rvík 03. júlí
„SKIP" lestar í Fredrikstad	04. júlí/losun Rvík 09. júlí
„LAXÁ" lestar í Gdynia	03. júlí/ losun Rvík 16. júlí
„LAXÁ" lestar í Helsinki	06.-09. júlí/losun Rvík 16. júlí